

FUNDARGERÐ HEILBRIGÐISNEFNDAR NORÐURLANDS VESTRA

Fundur í Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra haldinn þriðjudaginn 26. ágúst 2025 kl. 12:00 á Sauðárkróki og í fjarfundi.

Fundinn sátu:

Arnar Þór Stefánsson, Ragnhildur Haraldsdóttir, Jón Kolbeinn Jónsson, Sigríður Ólafsdóttir, Guðný Helga Kristjánsdóttir og Sigríður Hjaltadóttir framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Starfsleyfi og skráningar.
2. Mál til kynningar.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur.

1. Starfsleyfi.

Starfsleyfi nr. 1956

Byggðasafn Skagfirðinga, kt. 550698-2349, vegna reksturs safns/sýninga, í friðlýstum torfbæ, tveimur friðuðum timburhúsum ásamt salernishúsi og móttökuhúsi, sbr. lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að Glaumbæ, 551 Sauðárkrókur. Ábyrgðamaður er Berglind Þorsteinsdóttir.

Samþykkt til 26.08.2037

Starfsleyfi nr. 1957

Fasteignafélagið Ebba ehf. kt. 440805-0510 vegna reksturs gististaða að Pétursstöðum úr landi Þóreyjarnúps 531 Hvammstangi sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ábyrgðamaður er Viktor Ingi Péturson.

Samþykkt til 26.08.2037

Starfsleyfi nr. 1958

Þrumugrill slf. kt. 600723-2350 vegna reksturs kaffihúss að Húnabraut 2, 540 Blönduós sbr. lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ábyrgðamaður er Sigprúður Guðmunda Sigfúsdóttir.

Samþykkt til 26.08.2037

Starfsleyfi nr. 1959

Salka Valka eldhús ehf. kt. 650408-0120 vegna reksturs gistihús án veitinga að Hvammi, 551 Sauðárkróki sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ábyrgðamaður er Valdimar Hilmarsson.

Samþykkt til 26.08.2037

Starfsleyfi nr. 1960

Hamarsbúskaður ehf. kt. 580724-0780 vegna reksturs vatnsveitu vegna mjólkurframleiðslu að Hamri, Hegranesi, 551 Sauðárkróki sbr. lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ábyrgðarmaður er Kristinn Sævarsson.

Samþykkt til 26.08.2037

Skráningarskyldur atvinnurekstur nr. 1961

Berserkir ehf. 590902-2920 vegna niðurrifs mannvirkis, þar með talið asbest að Litlu-Giljá, 541 Blönduósi sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ábyrgðamaður er Hermann Þór Baldursson.

Samþykkt til 26.11.2026

2. Mál til kynningar.

A) Mál frá UOS.

Umhverfis- og Orkustofnun, UOS.

- a. Heilbrigðisfulltrúanámskeið er auglýst 15.-19. september 2025, námskeiðið er á netinu. Stella Hrönn Jóhannsdóttir er tengiliður á námskeiðið

B) Mál frá Mast.

- a) Útekt ESA fer fram daganna 7-18. September, farið verður til Reykjavíkur, Suðurlands, Norðurlands og í Kragann svokallaða.
- b) Úttekt ESA í september 2025. Opinn fundur verður með fulltrúum ESA þann 22. september n.k.
- c) Ný gjaldskrá var tekin í notkun þann 1. júlí sl. hjá Matvælastofnun.
- d) Útgáfa á rekstarleyfi Arctic Smolt ehf. að Norðurbotni í Tálknafirði hefur verið gefin út.
- e) Tilkynning um salmonellu á öðru kúabúi.
- f) Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur tilkynnt um innköllun Ölgerðarinnar á Bugles Original og Bugles Nacho Cheese vegna þess að olíuefni sem ekki eiga heima í vörunum blönduðust þeim á framleiðslustigi
- g) Sýklalyfjaónæmar bakteríur (MÓSA) greinast í fyrsta sinn við skimun í svínum hér á landi .
- h) Innköllun vegna RASFF tilkynningar 2025.4302. Grunur er um að vanmerktar sósar innihaldi ofnæmis- og óþolsvaldinn sojabáunir (soja) án þess að hann komi fram á umbúðum.
- i) Heilbrigðiseftirlitið í Reykjavík hefur sent Mast upplýsingar um innköllun. Varan inniheldur ofnæmis- og óþolsvaldinn súlfít án þess að hann komi fram á umbúðum
- j) Víða hefur loftmengunar orðið vart vegna yfirstandandi eldgoss á Sundhnjúksgígaröðinni. Bæði hefur mælst töluverð gasmengun vegna breinnisteinsdíoxíðs (SO₂) ásamt því að mikil gosmóða hefur legið yfir þar sem finar súlfatagnir (SO₄) svífa um. viðmiðunarmörkum.
- k) Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness (HEF) hefur tilkynnt til Mast um innköllun á Gamaldags kleinuhringjum súkkulaði 4 stk. Framleitt af Lindabakarí vegna vanmerktan ofnæmisvald. Kleinuhringirnir innihalda egg í meira magni en snefilmagn líkt og merkt er á pakkinguna.

- l) Matvælastofnun hefur fengið upplýsingar frá HEF (Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes) um innköllun Fiska.is á Jelly strip XL vegna köfnunarhættu og óleyfilegra aukefna.
- m) Matvælastofnun hefur fengið upplýsingar frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um innköllun á lúpínu, sem er vanmerkt með tilliti til notkunarleiðbeininga. Lúpína inniheldur af náttúrunnar hendi alkalóíða sem geta valdið eitrunareinkennum ef hún er ekki matreidd á réttan hátt. Nauðsynlegt er því að umbúðir séu merktar með skýrum notkunarleiðbeiningum.
- n) Innköllun á Yerba mate te af merkinu Piperé frá Argentínu sem Istanbul market flytur inn. Tilkynningin kom í gegnum RASFF viðvörðunarkerfið.
- o) Heilbrigðiseftirlitið í Reykjavík hefur sent upplýsingar til Mast um innköllun Aðfanga á tveimur tegundum af frönskum ostum vegna gruns um mengun af völdum *Listeria monocytogenes*.
- ó) Mast hefur til meðferðar auglýsingu um andmælarétt vegna verndar afurðaheita. Samningur milli Íslands og Evrópusambandsins um vernd landfræðilegra merkinga landbúnaðarafurða og matvæla öðlaðist gildi 1. maí 2018. Samkvæmt samningnum skal Matvælastofnun auglýsa lista yfir þau afurðaheiti sem verndar munu njóta hér á landi, auk upplýsinga um hvar nálgast meggi afurðalýsingu fyrir viðkomandi matvæli.
- p) Gat fannst á sjókví nr. 1 á eldissvæði Arctic Sea Farm við Eyrarhlíð í Dýrafirði. Gatið var u.þ.b. 20x40 cm að stærð. Vísbendingar eru um að gatið hafi verið á kvinni í nokkurn tíma án þess að framleiðandi hafi tilkynnt um tilvist þess til Matvælastofnunar. Samkvæmt gögnum var neðansjávareftirliti við Eyrarhlíð sinnt á 30 daga fresti líkt og reglugerð kveður á um og tilkynnt til stofnunarinnar að ekkert athugavert hefði komið fram við neðansjávareftirlitið.
- r) Nýr héraðsdýralæknir í umdæmi Norðurlands vestra hefur verið ráðinn, Brigitte Brugger.
- s) Matvælastofnun vill vara neytendur við vanmerktum Snickers Brownie frá 17 Sortum en jarðhnetur og hveiti voru ekki merktir sem innihaldsefni á umbúðum.
- t) Matvælastofnun varar við neyslu á einni framleiðslulotu Mexíkó súpu Krónunnar vegna aðskotahlut sem fannst í einni einingu (pappír).

C) Skipulagsmál

- a). Nýtt deiliskipulag. Hofsós, Skólagata og Túngata, nr. 1344/2024: Auglýsing tillögu.
- b). Breyting á aðalskipulagi. Blöndulína, nr. 1028/2024: Kynning tillögu á vinnslustigi

D) Umsagnir til sýslumanns

- a) Með umsókn dags. 22. júlí sl. sótti Viktor Ingi Pétursson, úr landi Þóreyjarnúps 531 um gistileyfi leyfi skv. 17. gr. laga nr. 85/2007 á Pétursstöðum fyrir 12 gesti.
- b) Umsókn um tækifærisleyfi nr 2025 053392, Árshátið paunkara, Ásbyrgi Laugarbakka, frá 1. ágúst til 3. ágúst 2025, ábyrgðarmaður, Ægir Freyr Birgisson.
- c) Með umsókn dags. 01.08.2025 sótti Sigurður Ágústsson, Mörk, 530 Hvammstanga um gistileyfi skv. 17. gr. laga nr. 85/2007 á Mörk 530 Hvammstangi fyrir 4 gesti.
- d) Með umsókn dags 25. ágúst sótti Sigbrúður Guðmunda Sigfúsdóttir, Skúlabraut 19, 530 Blönduósi, f.h. Þrumugrills slf., Skúlabraut 19, 530 Blönduósi, um leyfi til að reka veitingahús í flokki II-E, Kaffihús. skv. 10 gr. laga nr. 85/2007 og reglugerð nr. 1277/2016, að Húnabraut 2, 530 Blönduósi.

e) Með umsókn dags. 10.08.2025. sótti Sigurpáll Þ Aðalsteinsson, f.h. Essa ehf., um tækifærisleyfi skv. 17. gr. laga nr. 85/2007 vegna Réttarskemmtunar-Laufskálarétt sem fyrirhugað er að halda þann 27.09 nk. Í Reiðhöllinni Svaðastöðum.

f) Með umsókn Sigurbjörgu Ingvadóttur dagsetta um leyfi samkv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

E) Mál frá SHÍ

Niðurstöður stýrihóps um breytingar á starfsemi Heilbrigðiseftirlitsins voru send til ráðuneytisins og búið er að senda skýrsluna til ráðuneytanna.

Umsagnir til Alþingis vegna breytinga á skráningareglugerðinni. Ekkert hefur frést af þessu máli frá ráðuneytinu enn.

F) Mál frá HNV

a) Tekin voru tvö sýni frá garðyrkjubændum þann 11. ágúst sl. sem greidd verður af heilbrigðiseftirlitinu

b) Námskeið í notkun gervigreindar hjá stofnannaheildum verður haldið 1.-2. september n.k. Svavar Sigurðsson mun sækja það námskeið.

c) Ráðstefna í Lofoten á vegum Hólaháskóla um framleiðslu beint frá býli, Sigríður Hjaltadóttir verður með erindi þar. Hér með er sótt um greiðslu dagpeninga í þeirri ferð.

d) Hreinsunarátak í Fjallabyggð er vonandi búið að mestu.

e) Skagafjörður: Hreinsunarátak er í Skagafirði þar sem áhersla er lögð á tiltekt Hesthúsahverfi.

Tilkynning um breytingu á geymslusvæði Skagafjarðar á Hofsósi þar sem:

Eigendur eru beðnir um að fjarlægja alla lausamuni á svæðinu, sem ekki eru í gámum, innan mánaðar frá dagsetningu þessarar tilkynningar. Þeir sem hyggjast nýta svæðið áfram þurfa að tryggja að allar þeirra eigur séu geymdar í geymslugámi og undirrita nýjan leigusamning við sveitarfélagið.

f) Framkvæmdastjóri sendi erindi til lögfræðings lögreglunnar vegna upphirðu bíla m.t.t ábyrgðar, þegar næst ekki í eigendur og um greiðslu kostnaðar en svar hefur ekki enn borist.

3. Önnur mál

Undanþágur frá 18. aldurstakmarki til að afgreiða tóbak

Engar umsóknir um undanþágu bærust heilbrigðiseftirlitinu eftir bókunina frá síðasta fundi.

Næsti fundur heilbrigðisnefndar er áætlaður þriðjudaginn 30. september 2025 kl. 12:00.

Fundi slitið kl. 13.00